

60

Bráðabirgðaákvæði.

7. maí Til ársloka 1942 er ráðherra heimilt að leyfa smíði á tunnnum úr efni, sem innflutt er fyrir þann tíma, svo og innflutning á síldartunnnum, þó að tunnur og efni fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum laga þessara. Sömuleiðis getur ráðherra til ársloka 1942 leyft, að notaðar verði undir síld þær tunnur, sem til eru í landinu.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

61

L Ö G

7. maí

um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 28 19. júní 1933 bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af því jarðraski að dómi Bún- aðarfélag Íslands og vitamálastjóra.

2. gr.

2. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Upphaf 3. gr. sömu laga orðist þannig:

Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkv. 1. málgr. 1. gr., að áhættulaust virðist o. s. frv.

4. gr.

Upphaf 4. gr. sömu laga orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málgr. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð, o. s. frv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933, og heiti þeirra verða: Lög um bann gegn jarðraski.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.